



Hreppsnefnd 11.11.04

Hreppsnefndarfundur fimmtudaginn 11. nóv. 2004
- kl. 16.00 í félagsheimilinu Miklagarði.

Mætt til fundar: Aðalbjörn Björnsson, Emil Sigurjónsson, Björn Halldórsson, Ólafur Ármannsson, Steindór Sveinsson, Borghildur Sverrisdóttir og Björn H. Sigurbjörnsson.
Ennfremur var mættur sveitarstjóri Þorsteinn Steinsson og Magnús Már Þorvaldsson, sem ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. mál: Fundargerð hreppsnefndar frá 21. okt. sl.
Lögð fram fundargerð hreppsnefndar frá 21. okt. sl.
Fundargerðin síðan samþykkt samhljóða með 7 atkv.

2. mál: Fundargerð félagsmálanefndar frá 25. okt. sl.
Lögð fram fundargerð félagsmálanefndar frá 25. okt. sl. Nokkur umræða varð um bókanir nefndarinnar, sem færð er í trúnaðarbók, og leiguíbúðamál.
Fundargerðin samþykkt samhljóða.

3. mál: Fundargerð skólanefndar frá 21. okt. sl.
Lögð fram fundargerð skólanefndar frá 21. okt. sl. Nokkur umræða var undir þessum lið um stöðu verkfallsmála hjá grunnskólakennurum. Jafnframt var gerð grein fyrir starfsmannamálum í leikskóla.
Fundargerðin samþykkt samhljóða.

4. mál: Fundagerðir bygginganefndar frá 27. og 28. okt. sl.
Lagðar fram fundagerðir bygginganefndar frá 27. og 28. okt. sl.
Í öðrum tl. fundagerðinnar frá 28. okt. sl. samþykkir byggingar- og skipulagsnefnd ósk ÁTVR um breytingar á húsnæði Esssó-skálans við Kolbeinsgötu vegna flutnings á áfengisverslun sinni þangað. Gerði oddviti nánari grein fyrir málinu og í framhaldinu fór fram all mikil umræða. Eftirfarandi tillaga var lögð fram:

Hreppsnefnd tekur undir samþykkt nefndarinnar en leggur áherslu á að leitað verði allra leiða til þess að koma versluninni sem allra fyrst niður í miðbæ Vopnafjarðar. En samkvæmt nýju skipulagi er gert ráð fyrir að sem fjölbreytilegust verslun verði í miðbænum. Mikilvægt er því að verslun þessi verði staðsett á því svæði.

Tillagan samþykkt með 6 atkvæðum, 1 á móti.

5. mál. Fundur menningarmála- og bókasafnsnefndar frá 3. nóv. sl.
Lögð fram fundargerð menningar- og bókasafnsnefndar frá 3. nóv. sl.

Nokkur umræða átti sér stað um 4. mál í fundargerð nefndarinnar og var almenn skoðun hreppsnefndarfulltrúa að menningarmálanefnd komi að viðburðinum. Ennfremur kom fram sú hugmynd að koma á samstarfi á milli nefndarinnar og foreldrafélags grunnskólans. Hvatt er til áframhaldandi undirbúningsstarfs við ættfræðisetur sr. Einars og menningarsetur Jóns Múla og Jónasar Árnasona.

6. mál: Endurskoðun fjárhagsáætlunar 2004.

Teknar fyrir breytingatillögur við fjárhagsáætlun Vopnafjarðarhrepps og stofnana fyrir árið 2004. Tillögurnar voru kynntar og lagðar fram á síðasta fundi hreppsnefndar þann 21. okt. sl. Sveitarstjóri gerði grein fyrir tillögunum og að lokinni líflegri umræðu lagði hann til að þær yrðu samþykktar.

Tillögurnar samþykktar með 5 atkvæðum, 2 sátu hjá.

7. mál: Tillögur sameiningarnefndar um breytingar á sveitarstjórnarskipan.

Rætt um tillögur sameiningarnefndarinnar er einnig voru lagðar fram og kynntar á fundi hreppsnefndar þann 21. okt. sl. Í tillögunum er lagt til að kosið verði um sameiningu Vopnafjarðarhrepps og Skeggjastaðahrepps 23. apríl n. k. Jafnframt lagt fram bréf frá sveitarsjóra Þórshafnarhrepps varðandi fund um sameiningarmál.

Miklar umræður urðu um þessi mál, þar sem hreppsnefndarmenn lýstu sjónarmiðum sínum varðandi hug þeirra til sameiningarmála. Síðan var lögð fram svofelld tillaga:

“Vopnafjarðarhreppur hefur komið á framfæri hugmyndum sínum varðandi sameiningarmál með bréfi til SSA frá 29. mars sl. Þar kemur skýrt fram að hugur Vopnfirðinga stendur til þess að vinna að mótun öflugs sveitarfélags með sameiningu Vopnafjarðarhrepps við sveitarfélög yfir á Fljótsdalshéraði. Með því er mögulegt að stækka verulega atvinnu- og þjónustusvæði þessara sveitarfélaga. Grundvöllur þess er að samgöngur verði góðar milli staða.

Hreppsnefnd Vopnafjarðarhrepps hafnar því tillögu sameiningarnefndarinnar um að kjósa sérstaklega um sameiningu Vopnafjarðarhrepps og Skeggjastaðahrepps í apríl n. k.”

Eftir umræður var tillagan borin upp til atkvæða og var hún samþykkt samhljóða. Ennfremur samþykkt að verða við beiðni Þórshafnarhrepps um um fund þar sem rædd verða viðhorf til sameiningar.

8. mál: Bréf Íslandspósts dags. 28. okt. sl. og bréf sveitarfélagsins til Íslandspósts dags. 11. okt. sl. Lagt fram bréf Vopnafjarðarhrepps til Íslandspósts, þar sem mótmælt er minnkandi þjónustu póstsins á Vopnafirði. Jafnaframt lagt fram svarbréf Íslandspósts varðandi þessi mál frá 28. okt. sl.

9. mál: Ýmis mál og fundargerðir.

a) Aðalfundarboð Héraðsnefndar Múlasýslna 16. nóv. n. k., ásamt fundargerðum stjórnarinnar frá 24. ágúst sl. og 25. nóv. sl. og fleiri gögnum.

Fyrirliggjandi gögn lögð fram og kynnt.

Samþykkt að Emil Sigurjónsson mæti á aðalfund Héraðsnefndarinnar fyrir hönd Vopnafjarðarhrepps.

b) Bréf Vegagerðarinnar frá 2. nóv. sl., ásamt bréfi hreppsins til Vegagerðarinnar frá 11. okt. sl. Bréfin lögð fram og kynnt.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 18.45.